

Dreifibréf til framkvæmdaraðila vindorkukosta

Reykjavík, 17. september 2020

Tilvísun: OS2018030034/21.0

Verknúmer: 3241005

Efni: Upplýsingar um viðbótargögn vegna vindorkukosta til meðferðar hjá verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar.

Vísað er til bréfs Orkustofnunar til framkvæmdaraðila innsendra vindorkukosta fyrir 4. áfanga rammaáætlunar, dags. 15. júní 2020, er fjallar um upplýsingar um gagnaskil sem fylgja þurfi umsóknum vegna vindorkuvera.

Í ljósi þess mikla fjölda vindorkukosta sem barst inn á borð Orkustofnunar eftir kall stofnunarinnar eftir virkjunarhugmyndum fyrir 4. áfanga rammaáætlunar og í ljósi þess að hagkvæmni vindorkukosta hefur batnað mjög í samanburði við vatnsorku og jarðhita, að teknu tilliti til hlutverks stofnunarinnar skv. 2. gr. laga, nr. 68/2003, um Orkustofnun, sér stofnunin nú ástæðu til að skýra málsmeðferð sína á innsendum vindorkukostum fyrir 4. áfanga rammaáætlunar. Með vísan til 2. mgr. 9. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, telur stofnunin að líta beri svo á að um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða skv. stjórnisýslulögum, nr. 37/1993, við skilgreiningu vindorkukosta. Er þetta bréf sent óháð þeirri lagaóvissu sem ríkir um stöðu vindorkunnar, sem áður hefur verið fjallað um.

Orkustofnun kallar því hér með eftir viðbótargögnum fyrir innsenda vindorkukosti sem kveðið er á um í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, þannig að hún geti ákvarðað hvort viðkomandi orkukostur teljist nægilega skilgreindur og í framhaldinu fengið verkefnisstjórn hann til umfjöllunar, að því gefnu að kosturinn uppfylli kröfur laganna um gagnaskil. Aðila máls er, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun Orkustofnunar til ráðherra, komi til þess að Orkustofnun hafni innsendum kosti.

Verklag verkefnisstjórnar, með vísan til 10. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, kveður á um að verkefnisstjórnin skuli leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ferðamálastofu um hvort fyrirbyggjandi gögn varðandi einstaka virkjunarkosti séu nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni. Teljist gögn ófullnægjandi skal verkefnisstjórn láta safna viðbótargögnum og vinna úr þeim áður en eiginlegt matsferli hefst. Orkustofnun lítur svo á að þetta verklag verkefnisstjórnar komi í framhaldi af ákvörðun Orkustofnunar um, hvort orkukostur telst nægilega skilgreindur, en snúi ekki að skilgreiningu orkukostsins heldur áhrifum hans á aðra þætti. Slíkar beiðnir falla því ekki undir ákvörðun Orkustofnunar heldur er undir ákvörðun verkefnisstjórnar komið að kalla eftir þeim gögnum, eftir að Orkustofnun hefur lokið sinni málsmeðferð fyrir hvern orkukost fyrir sig.

Af þessum sökum hefur stofnunin ákveðið að fella úr gildi að sínu leyti þær kröfur um gögn sem áður var greint frá að fylgja þyrftu umsóknum, að beiðni verkefnisstjórnar, og sendar voru út í ofangreindu bréfi 15. júní síðastliðinn. Eftir atvikum kann verkefnisstjórn þó að kalla eftir þeim af sinni hálfu. Í bréfinu voru eftirfarandi 9 liðir:

1. Nákvæm kort sem sýna staðsetningu allra mannvirkja sem tengjast virkjunarkostinum. Ef fyrir liggja stafræn kort sem hægt er að nýta í landupplýsingarkerfum myndi það auðvelda og flýta starfi verkefnisstjórnar.
2. Fjöldi og hæð einstakra vindmylla, (lóðrétt hnit) og spaða í hæstu stöðu.
3. Fyrirliggjandi tölvugerðar ásýndarmyndir (photomontage) er sýni landslag með viðkomandi vindmyllum og til samanburðar sama landlag án þeirra; frá að lágmarki fjórum sjónarhornum horft af jörðu niðri frá helstu ferðaleiðum um svæðið, útsýnisstöðum og/eða byggðarkjörnum. Sjónarhornin skulu vera tölusett og merkt inn á sjónlínukort af svæðinu (sjá 4. gr.).
4. Sýnileikagreining eða sjónlínukort, ef fyrir liggja, sem sýna hvaðan vindmyllur sjást í landslaginu og hvernig þær hverfa sjónum með fjarlægð.
5. Áætluð stærð athafnasvæðis við hverja vindmyllu, (áætlað þvermál og hæð undirstöðu) og nýlagning vega.
6. Áætlað afl og orkugeta virkjunar.
7. Áform um tengingu við flutningskerfi raforku (fjarlægð í km í næsta tengipunkt Landsnets, staða viðræðna við Landsnet um tengingu).
8. Gerð skal grein fyrir lýsingu (notkun ljósa) á vindmyllum og svæðinu í heild.
9. Áætluð áhrif á hljóðvist, eftir því sem kostur er.

Nýr listi um gagnakröfur, sem byggir á þeim gögnum sem Orkustofnun ber að safna um virkjunarkost skv. lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, er birtur hér að neðan. Mun Orkustofnun byggja ákvörðun sína um það hvort orkukostur teljist nægilega skilgreindur á neðangreindum lista, sem jafnframt er settur fram með hliðsjón af lögum, nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana:

- 1) Kort sem sýna áætlaða staðsetningu mannvirkja sem tengjast virkjunarkostinum. Hér er átt við kort í landupplýsingakerfi (og stafræn gögn sé það möguleiki, en ella listi yfir hnit) sem sýnir mörk áætlaðs framkvæmdarsvæðis (fláka) og eftir því sem við á, áætlaða staðsetningu helstu mannvirkja sem framkvæmdaraðili telur unnt á þessu stigi (matsstigi áætlana) að setja inn og tengjast virkjunarkostinum.
- 2) Nánari lýsing á helstu mannvirkjum (hér: fjöldi og hæð vindmylla og spaða í hæstu stöðu). Áætluð lóðrétt hnit: hæð mannvirkis yfir sjó og landi ásamt fláka með framkvæmdarsvæði þar sem vindmyllur eru staðsettar gróflega innan hans. Ráðlagt er að gefa upp meiri hæð en hæð þeirrar vindmyllugerðar sem áætlað er að nota vegna tækniþróunar, það sama á við um fjölda vindmylla.
- 3) Áætluð stærð athafnasvæðis við hverja vindmyllu. Þ.e. áætluð mörk framkvæmdarsvæðis (sjá lið 1), en að auki áætlað þvermál og hæð undirstöðu hvernar vindmyllu eftir því sem kostur er. Eftir því sem við á upplýsingar um það hvort leggja þurfi nýja vegi að framkvæmdarsvæði, en ekki er nauðsynlegt að ráðast í teikningu slíkra framkvæmda á þessu stigi.
- 4) Áætlað afl og orkugeta virkjunar.
- 5) Áform um tengingu við flutningskerfi raforku (fjarlægð í km í næsta tengipunkt Landsnets, staða viðræðna við Landsnet um tengingu).
- 6) Áætluð áhrif á hljóðvist, eftir því sem kostur er.

- 7) Eftir því sem kostur er áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður virkjunar, sem Orkustofnun byggir hagkvæmniflokkun sína á. Trúnaður mun ríkja um þær upplýsingar sem gefnar verða um nákvæman kostnað. Orkustofnun óskar eftir að fá þessar upplýsingar í sérstöku bréfi.
- 8) Fyrirliggjandi rannsóknir og heimildir um virkjunarsvæði s.s. ef rannsóknir hafa verið gerðar á veðurfari, taka skal fram ef engar rannsóknir hafa farið fram á vettvangi.

Framkvæmdaraðilar innsendra vindorkukosta eru því hér með beðnir um að yfirfara þau gögn sem þegar hafa verið send inn til Orkustofnunar af þeirra hálfu, og senda í kjölfarið þau gögn sem upp á vantar, ef einhver eru. Ef þeir telja sig þegar uppfylla alla ofangreinda liði, þá eru þeir beðnir að tilkynna Orkustofnun það einnig til staðfestingar. Þau gögn sem þegar hafa verið send inn til Orkustofnunar, en eru ekki talin upp á þessum nýja og uppfærða lista, verða að öllum líkindum hluti af þeim gögnum sem verkefnisstjórn mun kalla sjálf eftir á síðari stigum (með vísan til 10. gr. laga, nr. 48/2001), komi til þess að virkjunarkostur verði sendur henni til umfjöllunar.

Fyrri framsending Orkustofnunar á gögnum til verkefnisstjórnar, m.a. í framhaldi af bréfi stofnunarinnar dags. 15. júní sl., felur ekki í sér stjórnsluákvörðun stofnunarinnar um virkjunarkosti til meðferðar í rammaáætlun, í skilningi laga um verndar- og orkunýtingaráætlun eða stjórnslulaga.

Þrátt fyrir að ekki verði gerð krafa um ákveðna dagsetningu á gagnaskilum, þar sem ekki er búið að taka fyrir 3. áfanga rammaáætlunar á Alþingi, er það til mikilla hagsbóta að skila gögnum inn til Orkustofnunar eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sylvía Raket Guðjónsdóttir
Sérfræðingur

Harpa Þórunn Pétursdóttir
Lögfræðingur